



Benedikt Ingólfsson stundaði söngnám við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar í Reykjavík hjá John A. Speight og seinna við Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag í klassískri deild og barokkdeild.

Benedikt hefur einkum komið fram sem einsöngvari við flutning á barokktónlist og íslenskri samtímatónlist. Hann hefur sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, auk Caput-hópsins, Bachsveitarinnar í Skálholti og Alþjóðlegu barokksveitarinnar í Haag. Enn fremur hefur hann komið fram sem einsöngvari með kórum og hljómsveitum í Þýskalandi og Hollandi.

Benedikt hefur starfað með smáum sem stórum sönghópum síðustu ár, og má þar nefna söngkvartettinn Grímu, Carmínu, De Nederlandse Bachvereniging, Hollenska útvarpskórinn og Schola cantorum.

Af íslenskri samtímatónlist sem Benedikt hefur tekið þátt í að frumflytja má nefna *Skálholtsmessu* eftir Hróðmar Inga Sigurbjörnsson (2000) og Jónaóratóriuna *Barn er oss fætt* eftir John A. Speight (2001), sem hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2002.